

Stjórn málaályktun Heimdallar 2014

Eftir það áfall sem flokkurinn beið í sveitastjórnarkosningunum í Reykjavík er mikilvægt að flokkurinn opni sig fyrir framfarasinnum og frjálslýndum gildum. Sjálfstæðisflokkurinn þarf að styðja við ungliðahreyfinguna og vera óhræddur við að tala máli frelsis. Ekki er lengur boðlegt að ungliðahreyfingin ein breiði út grunnildi flokksins á meðan kjörnir fulltrúar hans skýla sér bakvið raunhyggju stjórnmalanna.

Ábyrgð í ríkisfjármálum

Heimdallur harmar að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hafi samþykkt og tekið þátt í stærstu ríkisvæðingu einkaskulda í Íslandssögunni. Flokkur sem kennir sig við frelsi einstaklingsins og ábyrgð í ríkisfjármálum á ekki að láta 80 milljarða af skattfé ganga hrossakaupum þegar samið er um ríkisstjórnarsamstarf. Slíkum fjármunum ætti að verja í að borga niður skuldir ríkissjóðs og lækka þannig vaxtabyrði ríkisins og auka hagsæld til lengri tíma. Lífskjör hafa verið fölsuð á Íslandi í mörg ár með óábyrgum lánatökum ríkissjóðs og komandi kynslóðir Íslendinga munu þurfa að lifa við verri lífskjör til að geta borgað þúsundir milljarða króna í skatta svo hægt sé greiða niður skuldir ríkissjóðs. Sjálfstæðisflokkurinn á að sýna ábyrgð í ríkisfjármálum, en ekki velta skuldabyrðinni niður kynslóðastigann.

Því ber þó að fagna að gerð hafi verið áætlun um hallalaus fjárlög. En betur má ef duga skal og hvetur Heimdallur ríkisstjórnina til að gera enn betur þegar kemur að næstu fjárlögum. Draga þarf úr umsvifum ríkisins og ríkissjóður þarf að skila hagnaði, svo lækka megi skatta og álögur enn frekar.

Frjálslýndi gagnvart vímuefnum

Heimdallur fagnar þeim áformum þingmanna Sjálfstæðisflokksins um að sala á áfengi verði gefin frjáls. Er þetta framfaraskref sem Heimdallur hefur lengi talað fyrir og telur að verði til heilla fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki í landinu. Þá vonar félagið að forysta flokksins sýni frumvarpinu stuðning í orði og verki.

Það ber að áréttu að afglæpavæðing fíkniefna á að vera forgangsatriði hjá ríkisstjórninni, enda hefur röng og skaðleg stefna í fíkniefnamálum valdið ómældum skaða sem ekki verður tekinn aftur. Heimdallur fagnar því að heilbrigðisráðherra sé opinn fyrir frjálslýndum og víðsýnum nálgunum í þessum málaflokki. Þá telur félagið

að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins eigi að horfa til þingflokks Pírata þegar kemur að stefnumótun í fíkniefnalöggjöf og vinna í átt auknu frjálsræði í þessum málaflokki.

Sligandi landbúnaðarkerfi

Þá hvetur félagið ríkisstjórnina til að ráðast í breytingar á landbúnaðarkerfinu, sem er dragbítur á íslensku efnahagslífi. Ríkið á ekki að styrkja óhagkvæman atvinnurekstur með skattpeningum. Þá þarf að afnema tolla og vörugjöld á innfluttum vörum neytendum til mikilla hagsbóta. Um er að ræða stórt hagsmunamál fyrir almenning í landinu, enda eru matarinnkaup einn af stærstu útgjaldaliðum hvers heimilis. Ekki er boðlegt að sérhagsmunir einnar atvinnustéttar séu settir frammar hagsmunum allrar þjóðarinnar.

Jafnrétti og trúfrelsi

Heimdallur lýsir yfir stuðningi við að Félag múslima á Íslandi fái að reisa sér bænahús í Reykjavík. Heimdallur telur hins vegar að afnema eigi ákvæði í lögum um Kristnisjóð þar sem mælt er fyrir um að sveitarfélögum sé skylt að leggja trúfélögum til ókeypis lóðir. Eðlilegt er að trúfélög greiði markaðsverð fyrir lóðir, eins og önnur félagasamtök. Heimdallur gagnrýnir einnig málf lutning Framsóknarflokksins í nýliðnum borgarstjórnarkosningum og telur að tryggja verði að frelsi til trúariðkunar verði ekki skert í nafni fordóma, fáfræði eða hræðsluáróðurs.

Stjórnarsamstarfið

Heimdallur hvetur þingflokk Sjálfstæðisflokksins til þess að endurskoða ríkisstjórnarsamstarfið við Framsóknarflokkinn. Þingmenn og forystumenn Framsóknarflokksins hafa hvorki í orði né verki sýnt að þeir vilji auka frelsi almennings. Mikið er að þegar þingmenn Sjálfstæðisflokksins samþykkja 80 milljarða fjárustur úr ríkissjóði til að kaupa góðvilja Framsóknarflokksins í ríkisstjórnarsamstarfi. Á meðan er samstarfsvilji Framsóknarflokksins ekki meiri en svo að formaður og þingmenn flokksins tala tæpitungulaust gegn frekari skattalækkunum, víðsýni í áfengis- og fíkniefnalöggjöf og ábyrgri stjórn í ríkisfjármálum. Sjálfstæðisflokkurinn á ekki að fórna frelsishugsjóninni og sínum helstu baráttumálum fyrir ríkisstjórnarsetu.